

MENNTUN OG ÞÁTTTAKA Í NÝJU LANDI: REYNSLA INNFLYTJENDA, FLÓTTAFÓLKS OG SKÓLA

Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað mjög á Íslandi undanfarna áratugi. Menntakerfi gegna mikilvægu hlutverki við aðlögun barna og ungmenna að nýju samfélagi og við að stuðla að lýðræðislegri þátttöku þeirra. Markmið þessarar yfirlitsgreinar er að varpa ljósi á helstu niðurstöður nýlegra rannsókna höfundar og samstarfsfólks um málefni barna og ungmenna af erlendum uppruna. Fjallað er um reynslu innflytjenda og flóttafólks af menntun og þátttöku í íslensku samfélagi, reynslu kennara og stjórnenda af menntun barna og ungmenna af ólíkum uppruna, hvernig skólastarf hefur þróast til að mæta þörfum sífellt fjölbreyttari nemendahópa og hvaða leiðir eru færar í menntun fjölbreyttra hópa. Niðurstöður rannsókna benda til þess að mörg barnanna og ungmennanna hafi upplifað ýmsa erfiðleika í íslenskum skólum og frístundastarfi. Þrátt fyrir margs konar styrkleika sem þau telja sig hafa eiga þau í erfiðleikum með að læra íslensku og að tengjast íslenskum jafnöldrum. Samskipti heimila og skóla eru í sumum tilvikum ómarkviss og ófullnægjandi. Ein þessara rannsókna varpar þó ljósi á fjölmörg dæmi um öflugt og gott skólastarf, að nokkru leyti í anda fjölmenningarlegrar menntunar, þar sem áhersla er á lýðræðislega þátttöku og þar sem börnum og ungmennum af erlendum uppruna vegnar vel.

Efnisorð: innflytjendur, flóttafólk, menntun, þátttaka, borgaravitund

INNGANGUR

Síðastliðna áratugi hafa orðið hraðar breytingar á íslensku samfélagi með auknum fjölda innflytjenda og flóttafólks og um leið vaxandi fjölbreytni hvað varðar uppruna, tungumál og trúarbrögð (Hagstofa Íslands, e.d.-a, e.d.-b). Ýmsir fræðimenn hafa fjallað um mikilvægi þess að stuðla að virkri þátttöku samfélagsþegna í lýðræðissamfélagi, ekki síst nýrra samfélagsþegna sem flust hafa til nýs lands og þeirra sem fæddir eru í viðkomandi landi en tilheyra minnihlutahópum (Gundara, 2000; Parekh, 2006). Menntakerfi gegna mikilvægu hlutverki við aðlögun barna og ungmenna að nýju samfélagi og við að stuðla að lýðræðislegri þátttöku þeirra. Til að geta sinnt þeim hlutverkum þurfa skólar að taka tillit til þarfa fjölbreyttra hópa nemenda og þróa starf sitt í takt við samfélagslegar breytingar.

Markmið þessarar yfirlitsgreinar er að varpa ljósi á helstu niðurstöður nýlegra rannsókna höfundar og samstarfsfólks hans um málefni barna og ungmenna af erlendum uppruna. Fjallað er um reynslu innflytjenda og flóttafólks af menntun og þátttöku í íslensku samfélagi, með sérstakri áherslu á börn og ungmenni. Jafnframt er farið yfir reynslu kennara og stjórnenda af menntun barna og ungmenna af ólíkum uppruna, hvernig skólastarf hefur þróast síðastliðna áratugi til að mæta þörfum sífellt fjölbreyttari nemendahópa og hvaða leiðir eru færar í menntun fjölbreyttra hópa. Einnig er fjallað um rannsókn á viðhorfum ungmenna til fjölmeningarsamfélagsins. Í greininni er leitast við að tengja niðurstöður rannsókna við rannsóknir Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og samstarfsfólks hennar.

FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

Fræðilegur bakgrunnur greinarinnar og rannsókna sem fjallað er um er í gagnrýnum sjónarhornum á menntun og skólastarf, svo sem gagnrýninni fjölmeningarfræði (Banks, 2013; May og Sleeter, 2010; Nieto, 2010) þar sem réttindi minnihlutahópa til menntunar eru í forgrunni. Sjónum er beint að stöðu og reynslu einstaklinga og hópa, meðal annars í menntakerfum. Jafnrétti, félagslegt réttlæti og valdefling (e. empowerment) er haft að leiðarljósi (May og Sleeter, 2010). Gagnrýnin sjónarhorn á samfélag, menntun og skólastarf eru mikilvæg tæki til að varpa ljósi á reynslu barna og ungmenna af samfélagi og menntun, en jafnframt til að leggja til umbætur og leiðir til skólaþróunar. Nieto (2010) telur að valdefling í skólastarfi feli í sér endurskoðun á tengslum milli kennara, nemenda, foreldra og stjórnenda. Nemendur taki virkan þátt í stað þess að vera þiggjendur og kennarar byggja markvisst á þekkingu og hæfni allra nemenda í kennslu sinni. Líkan Banks (2013) af fjölmeningarlegri menntun er gagnlegt í þessu samhengi, þar sem meginþættir eru valdeflandi skólamenning, uppeldisfræði jöfnuðar, tenging inntaks menntunar við margs konar menningu, að stuðla að fordómalausum skólastarfi og að hjálpa nemendum að skilja hvernig þekking mótast og að hún sé aldrei hlutlaus. Nieto (2010) hefur bent á hversu miklu máli skiptir að móta fjölmeningarleg skólasamfélög þar sem hver nemandi fái tækifæri til að tengja námið við reynslu sína og þekkingu og byggt sé á framlagi hvers nemanda í kennslu. Þannig fái nemendur jafnframt tækifæri til virkrar þátttöku. Hún telur afar mikilvægt að valdefla nemendur og vinna gegn mismunun í menntakerfum. Umfjöllun Gay (2010) um menningarmiðaða kennslu (e. culturally responsive teaching) beinist á svipaðan hátt að því að kennarar skilji ólíkan menningarlegan grunn nemenda og byggja á menningu þeirra í skólastarfi. Í þessu felst meðal annars að viðurkenna ólíka menningu, leitast við að skapa merkingarbær tengsl milli heimila og skóla, nota fjölbreyttar kennsluáferðir og kenna nemendum að meta eigin menningu og uppruna. Ladson-Billings (2014) leggur áherslu á að í menningarmiðaðri uppeldisfræði (e. culturally relevant pedagogy) þurfi að varast yfirborðskennt og staðnað sjónarhorn á menningu. Fjölbreytt menning nemenda sé lifandi og síbreytileg og kennsla þurfi að endurspegla það. Jafnframt þurfi að þjálfar nemendur í gagnrýninni sýn á menningu og samfélag.

Sjónarhorn fjölyngismenntunar til félagslegs réttlætis (Chumak-Horbatsch, 2012; Cummins, 2004; Skutnabb-Kangas, Phillipson, Mohanty og Panda, 2009) er einnig lagt

til grundvallar í greininni. Fjölmargar rannsóknir liggja fyrir þar sem sýnt er fram á mikilvægi þess að móðurmál nemenda séu áberandi og töluð í skólum og að byggt sé á þeim í kennslu. Talið er brýnt að nota móðurmál nemenda markvisst í skólastarfi og tengja þau meirihlutamálinu í daglegri kennslu. Margir fræðimenn telja að notkun móðurmála í skólum sé sjálfsögð mannréttindi nemenda (Cummins, 2004; Skutnabb-Kangas o.fl., 2009). Cummins (2004) hefur haldið því fram að þrátt fyrir mikla fjölgun tví- og fjölyngdra nemenda víða um heim séu menntastefna, námskrár, kennsluhættir og námsmat fyrst og fremst miðuð við eintyngda nemendur, það er nemendur sem eiga meirihlutamál viðkomandi samfélags að móðurmáli. Þannig séu skapaðar hindranir fyrir þátttöku tví- og fjölyngdra nemenda. Undanfarin ár hefur aukin áhersla verið lögð meðal fræðimanna á umfjöllun um fjölyngi (e. multilingual turn) en hún felst meðal annars í því að fjölyngi sé reglan í skólum fremur en undantekning. Þannig séu ólík tungumál notuð í daglegu skólastarfi, markvisst samstarf sé við hina ýmsu málahópa foreldra, námsmat miðist við fjölyngda nemendur og síðast en ekki síst séu kennarar menntaðir og búnir undir fjölyngt skólastarf (Conteh og Meier, 2014; García, 2009; García og Kleifgen, 2010; García og Wei, 2014; May, 2014; Trifonas og Aravossitas, 2014). Með þessum hætti megi auka þátttöku fjölyngdra nemenda og laga skólastarf að fjölbreyttari nemendahópum.

Nýlegar rannsóknir og skrif um borgaravitund og lýðræðislega þátttöku fjölbreyttra hópa í menntun og samfélagi (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015, 2019) hafa varpað ljósi á tækifæri og hindranir fyrir þátttöku. Sigrún Aðalbjarnardóttir (2015) fjallar um mikilvægi þess að rækta borgaravitund ungs fólks á öllum skólastigum. Með hugtakinu borgaravitund vísar hún til „skilnings fólks á því hvað það þýðir að vera borgari með þeim lýðrættindum, skyldum og ábyrgð sem því fylgir að vera borgari í lýðræðissamfélagi“ (bls. 1). Sigrún bendir á það að þátttaka fólks í ákvörðunum um samfélagsmál sé ein meginstoð lýðræðis og því sé mikilvægt að stuðla að því að ungt fólk hafi áhuga á og færni til að láta sig mál samfélagsins varða. Þessu tengt telur Sigrún að styðja þurfi starfsþroska kennara og skólaþróun á öllum skólastigum með því að hvetja til ígrundunar á starfinu og skapa námssamfélag.

Nýlegar rannsóknir á Íslandi og í nágrannalöndunum hafa sýnt fram á margs konar jaðarstöðu innflytjendabarna, þrátt fyrir viðleitni í mörgum löndum til að þróa skólastarf sem hentar fjölbreyttum nemendahópum. Námsárangur innflytjendabarna er verri en annarra, þau eru í mörgum tilvikum jaðarsett, félagslega einangruð og njóta minni virðingar en önnur börn (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010; Hanna Ragnarsdóttir, 2008; Holm og Londen, 2010; Horst og Gitz-Johansen, 2010; von Brömssen og Rodell Olgaç, 2010; Þórdís Þórðardóttir, 2015). Mörg innflytjendabörn eru þannig, að því er virðist, ekki virkir þátttakendur í skólasamfélögum. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því, svo sem að þekkingu skorti á þörfum þeirra og málefnum, kennsluaðferðir henti ekki fjölbreyttum nemendahópum, samstarf skorti við foreldra, viðhorf og gildi heimila og skóla stangist á og að heildarstefnu skorti um innflytjendabörn og eftirfylgni með slíkri stefnu (Hanna Ragnarsdóttir, 2008; Horst og Gitz-Johansen, 2010; Nieto, 2010). Margt hefur þó breyst á undanförunum árum, stefnur hafa verið þróaðar og innleiddar og ýmsir skólar hafa að eigin frumkvæði lagað starf sitt að þörfum fjölbreyttra nemendahópa.

AÐFERÐ

Greinin er yfirlitsgrein þar sem valdar hafa verið til umfjöllunar nýlegar rannsóknir höfundar og samstarfsfólks hans er tengjast málefnum barna og ungmenna af erlendum uppruna, svo og flóttafólks. Þrjú meginþemu sem komið hafa fram í niðurstöðum framan- greindra rannsókna á Íslandi hafa verið valin til umfjöllunar. Þau eru eftirfarandi: Reynsla innflytjenda og flóttafólks af menntun og þátttöku í íslensku samfélagi; viðhorf barna og ungmenna til fjölmeningarsamfélags og þátttöku; og skólastarf í fjölmeningarsamfélagi, vettvangur þátttöku. Hafa ber í huga að hvorki þær rannsóknir sem fjallað er um hér né þau þemu sem valin hafa verið til umfjöllunar gefa tæmandi yfirlit yfir niðurstöður rannsókna með börnum og ungmennum af erlendum uppruna á Íslandi. Þemun eru annars vegar valin til að varpa ljósi á endurteknar niðurstöður rannsóknanna og hins vegar til að benda á hvaða rannsóknir og rannsóknarsjónarhorn þarf að leggja áherslu á í framtíðinni.

RANNSÓKNIR

Reynsla innflytjenda og flóttafólks af menntun og þátttöku í íslensku samfélagi

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar undanfarin ár með ungum innflytjendum og flóttafólki þar sem áhersla er lögð á reynslu þeirra af menntun og samfélagi. Ein slík rannsókn (Hanna Ragnarsdóttir, 2011) var gerð meðal níu ungmenna af erlendum uppruna sem búsett voru á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið var að afla upplýsinga um reynslu þeirra af lífi og starfi í íslensku samfélagi nokkur undanfarin ár, en ungmennin höfðu áður tekið þátt í rannsókn höfundar með fjölskyldum sínum og kennurum sem nemendur í leik- og grunnskólum á árunum 2002–2005. Sérstök áhersla var lögð á upplifun ungmennanna á skólagöngu á Íslandi og hvernig þau teldu að íslenskir skólar gætu betur komið til móts við innflytjendabörn. Ítarleg einstaklingsviðtöl voru tekin við ungmenni á aldrinum 15–24 ára, sex stúlkur og þrjú piltá. Tvö þeirra eru af evrópskum uppruna og sjö af asískum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að ungmennin hafi náð að aðlagast íslensku samfélagi og að þau líti framtíðina björtum augum. Þau telja reynslu sína af tveimur menningarheimum og tungumálakunnáttu veita sér styrk og þau voru virk í störfum, námi og samfélagi þegar rannsóknin var gerð. Nokkur þeirra sögðu þó að þau ættu enn í erfiðleikum með íslensku í námi sínu. Þau telja að betur megi styðja íslenskunám innflytjenda í framhaldsskólum og að stuðla þurfi að auknum félagslegum tengslum nemenda af ólíkum uppruna.

Svipaðar niðurstöður um félagsleg tengsl koma fram í meistaraverkefni Nínu V. Magnúsdóttur (2010), en hún gerði eiginlega rannsókn með erlendum unglingum í grunn- og framhaldsskólum og tók viðtöl við kennara, sem allir hafa mikla reynslu af kennslu erlendra nemenda á framhaldsskólastigi. Niðurstöður rannsóknar Nínu benda til þess að náms- og félagsleg mismunun gagnvart erlendum nemendum viðgangist í íslenskum grunn- og framhaldsskólum. Í svörum viðmælenda kom skýrt fram útilokun erlendra unglinga frá íslenskum skólafélögum og að aukin íslenskukunnátta nægði þeim ekki til þátttöku.

Niðurstöður rannsóknar Þórdísar Þórðardóttur (2015) á virðingarsessi barna í leikskólum benda til þess að hann hafi að hluta til mótast af þekkingu þeirra á barnaefni, beitingu þeirrar þekkingar í leik í samhengi við staðfestingu jafningjahópsins, aðgengi að barnaefni heima fyrir og mati kennara á þekkingu þeirra. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á það hvernig mismunandi þekking leikskólabarna á barnaefni getur tengst kyni, uppruna og félagslegri stöðu þeirra í leikskóla. Í niðurstöðunum kemur fram að þau börn sem skipuðu lægstan sess áttu öll ófaglærða foreldra og tvö voru af erlendum uppruna. Fram kemur að þessi börn voru oftast hundsúð og þeim hafnað en hinum börnunum. Þau „léku sér oftast ein, fylgdust hljóðlát með hinum börnunum og gerðu stundum tilraunir til að komast inn í leik með skírskotunum í barnaefni en fengu ekki hljómgrunn í jafningjahópnum“ (bls. 16).

Reynsla fjölskyldna flóttafólks af menntun og þátttöku barna þeirra bendir einnig til þess að þær glími við ýmsa erfiðleika þó að stutt sé síðan fjölskyldurnar komu til Íslands og þær hafi nokkra sérstöðu sem kvótaflóttafjölskyldur af átakasvæðum. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar Hönnu Ragnarsdóttur og Susan Rafik Hama (2018). Markmið rannsóknarinnar var að athuga reynslu flóttabarna og foreldra í ellefu fjölskyldum sýrlenskra flóttamanna sem komu frá Líbanon árið 2016 af leik- og grunnskólastarfi og frístundastarfi. Jafnframt var markmið rannsóknarinnar að athuga reynslu stjórnenda og kennara í skólum og frístundaheimilum af móttöku barnanna, skipulagi náms og samstarfi við foreldrana. Niðurstöður benda til þess að þó að flestum börnunum gangi vel, bæði námslega og félagslega, í skólunum þurfi þau að takast á við ýmsar áskoranir, sem tengjast meðal annars ólíkum hugmyndum foreldra og skóla um nám og kennslu, breyttum hlutverkum foreldra, ólíkri menningu og gildum, ólæsi barna og foreldra og skorti á stuðningi við móðurmál barnanna. Skólarnir byggja ekki markvisst á móðurmáli barnanna, arabísku, og aðeins í einum skóla er aðstoðarmanneskja sem talar arabísku. Sumir kennarar telja ólæsi barna og foreldra, svo og skort á menntun foreldra, skapa vanda í skólastarfinu. Einnig hafa kennarar áhyggjur af áfallastreitu sem hrjáir sum börnin og hefur áhrif á nám þeirra og þátttöku að sögn kennaranna. Þeir segjast leitast við að eiga virkt samstarf við foreldrana, en sumum foreldrum finnst þeir ekki fá nægar upplýsingar um nám barnanna. Þátttaka barnanna í frístundastarfi hefur verið þeim gagnleg, bæði til að læra íslensku og tengjast jafnöldrum. Frístundastarf getur þó reynst barnmörgum fjölskyldum dýrt og dæmi eru um að foreldrar hafi þurft að draga börnin út úr frístundastarfi að loknu fyrsta árinu, þegar fjárhagslegum stuðningi við fjölskyldurnar lýkur.

Rannsóknir gefa vísbendingar um að þátttaka innflytjenda í frístundastarfi sé minni en íslenskra jafnaldra þeirra. Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir (2013) fjölluðu í grein sinni um helstu niðurstöður könnunar Rannsóknar og greiningar (Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson, 2011) á líðan, félagslegum tengslum og þátttöku nemenda í 5.–7. bekk grunnskóla í frístundastarfi, út frá móðurmáli þeirra. Könnunin var lögð fyrir alla nemendur í 5.–7. bekk grunnskóla á Íslandi í febrúar 2011. Greinin byggist á sérstakri úrvinnslu gagna út frá móðurmáli nemenda. Í niðurstöðunum kemur fram að munur er á svörum eftir móðurmáli barnanna. Helstu niðurstöður eru þær að börn með annað móðurmál en íslensku standa höllum fæti félagslega, þeim líður verr en jafnöldrum og er frekar strítt, þau eru minna samvistum við jafnaldra og eiga færri vini. Þau taka síður þátt í skipulögðu frístundastarfi og mæta

sjaldnar á æfingar en jafnaldrar þeirra þegar þau stunda íþróttir. Það virðist vera stígandi í öllum mælingunum, þannig að ef annað móðurmál en íslenska er talað heima hefur það áhrif á líðan, félagsleg samskipti og þátttöku í frístundastarfi. Skýr tengsl koma fram, þannig að ef annað foreldrið talar annað móðurmál en íslensku eru helmingi meiri líkur á vanlíðan og stríðni og tvöfalt meiri líkur ef eingöngu annað móðurmál en íslenska er talað heima. Tengslin koma jafnvel fram í kennslustofunni þar sem fullorðið fólk hefur umsjón með kennslustundinni.

Niðurstöður framangreindra rannsókna benda til þess að börn og ungmenni af erlend- um uppruna hafi upplifað ýmsa erfiðleika í íslenskum skólum og frístundastarfi. Þó að þau telji sum að fjölbreytt reynsla þeirra af ólíkri menningu og tungumálakunnátta veiti þeim styrk geta þau þess að þau eigi í erfiðleikum með íslensku og að skortur sé á félags- legum tengslum við jafnaldra þeirra. Þá hefur komið fram að samskipti heimila barna af erlendum uppruna og skóla þeirra séu ekki nægilega markviss og að upplýsingar um nám barnanna skili sér ekki vel til foreldranna. Ólík menning og gildi heimila og skóla hafa einn- ig valdið erfiðleikum, svo og ólæsi barna og foreldra og skortur á stuðningi við móðurmál barnanna. Í ljósi þessara niðurstaðna er áhugavert að athuga hvers konar viðhorf til fjöl- menningarsamfélagsins og þátttöku í því eru ríkjandi meðal ungmenna.

Viðhorf barna og ungmenna til fjölmenningsamfélags og þátttöku

Vaxandi menningar- og trúarlegur fjölbreytileiki í samfélaginu vekur upp spurningar um það hvort jöfnuður ríki og hvort hægt sé að tala um virka þátttöku allra. Jafnframt er mikilvægt að huga að því hvers konar viðhorf eru ríkjandi. Nokkrar nýlegar rannsóknir hafa fjallað um viðhorf ungmenna til innflytjenda og fjölmenningsamfélags. Markmið rannsókna Hönnu Ragnarsdóttur, Gunnars J. Gunnarssonar, Gunnars E. Finnbogasonar og Höllu Jónsdóttur (2016) var að athuga lífsviðhorf og lífsgildi ungs fólks í íslensku fjöl- menningarsamfélagi, meðal annars viðhorf þess til fjölbreytileika fólks í íslensku sam- félagi hvað varðar uppruna og trúarbrögð og viðhorf til trúariðkunar, jafnréttis, frelsis og mannréttinda. Beitt var þverfaglegri nálgun trúaruppeldisfræði, fjölmenningsfræði og uppeldisfræði. Aðferðir voru blandaðar, megindelegar og eigindlegar, og var gagna aflað með spurningakönnun og rýnihópaviðtölum. Könnunin var lögð fyrir 904 nemendum (18– 24 ára) af ólíkum uppruna í sjö framhaldsskólum á ýmsum stöðum á Íslandi. Að lokinni úrvinnslu úr könnuninni voru tekin fimm rýnihópaviðtöl með alls 27 nemendum af ólíkum uppruna í fimm af sömu framhaldsskólum. Efni rýnihópaviðtalanna var mótað á grund- velli niðurstaðna viðhorfakönnunarinnar og þátttakendur beðnir að ræða viðfangsefni sem höfundum þótti áhugavert og mikilvægt að fá umræðu um. Niðurstöðurnar benda til þess að unga fólk sé jákvætt gagnvart menningar- og trúarlegum fjölbreytileika, telji hann eðlilegan þátt í nútímasamfélagi og leggi áherslu á jöfn tækifæri og mannréttindi. Ungmennin telja að frelsi og jafnrétti eigi að vera sjálfsagðir hlutir þó að veruleikinn sé annar að þeirra mati.

Markmið rannsókna Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Evu Harðardóttur (2018) var að at- huga viðhorf nemenda (11, 14 og 18 ára) til mannréttinda innflytjenda. Viðhorf þeirra voru rannsökuð í tengslum við reynslu þeirra af tækifærum til lýðræðislegrar umræðu í kennslu- stofunni og eigin þátttöku í umræðum. Rannsóknin var bæði eigindleg og megindeleg,

spurningakönnun og viðtöl. Meginniðurstöður hennar eru þær að þeir nemendur sem oft fengu tækifæri til lýðræðislegrar umræðu í kennslustofunni voru líklegri til að hafa jákvæð viðhorf til mannréttinda innflytjenda og voru líklegri til að finnast þeir sjálfir vera virkir í umræðum. Í niðurstöðum viðtala við nemendurna kom jafnframt í ljós hvers vegna ungmennunum fannst mikilvægt að taka þátt í umræðum. Það var meðal annars að til að kynnast og virða mismunandi sjónarmið annarra og þróa sín eigin, efla sjálfstæða hugsun, og til að stuðla að því að allir hefðu rödd. Þannig var undirliggjandi þema mikilvægi fjölbreyttra hugmynda og skoðana, svo og mannréttindi.

Sigrún Aðalbjarnardóttir (2019) nefnir í bók sinni að krafa um aukna þátttöku borgara í lýðræðisþjóðfélagi kalli einnig á góða samskiptahæfni, hæfni til að skoða ýmsar hliðar mála og leysa mál og samhæfa margvísleg sjónarmið við að marka stefnu og fylgja henni eftir. Jafnframt minnir samfélag sem verður æ fjölmenningslegra stöðugt á þörfina fyrir að rækta gagnkvæma virðingu fólks og umhyggju þess hvers fyrir öðru og mikilvægi samskiptahæfni í því samhengi.

Framangreindar rannsóknir um viðhorf ungmenna til fjölmenningsfélagsins, þátttöku og mannréttinda gefa vísbendingar um að þau séu hlynnt menningar- og trúarlegum fjölbreytileika og mannréttindum og telji mikilvægt að taka þátt í umræðum til að læra um og virða mismunandi sjónarhorn. En hvernig takast skólar á við það verkefni að virkja börn og ungmenni til þátttöku í fjölmenningsfélagi og efla borgaravítund þeirra?

Skólastarf í fjölmenningsfélagi: Vettvangur þátttöku

Þegar vel er til vandað getur skólastarf í fjölmenningsfélagi verið vettvangur virkrar þátttöku og félagslegs réttlætis til handa öllum börnum. Í slíku skólastarfi upplifa börn síður jaðarsetningu og mismunun. Í nýlegu rannsóknarverkefni, *Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar: Sögur um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á fjórum Norðurlöndum*, sem fjallað er um í þessum kafla, var lögð áhersla á að rannsaka farsælt skólastarf með gagnrýnum hætti (Hanna Ragnarsdóttir, 2016). Meginmarkmið verkefnisins voru að:

- öðlast skilning á reynslu nemenda af erlendum uppruna sem átt hafa velgengni að fagna í námi og félagslegri tengslamyndun á fjórum Norðurlöndum og læra af henni;
- kanna og öðlast skilning á því hvernig félagslegt réttlæti birtist í skólastarfi og öðru námsumhverfi sem byggist á fjölbreytileika og hefur jafnrétti að leiðarljósi. (Hanna Ragnarsdóttir, 2016, bls. 2)

Verkefnið var þróað í kjölfar umræðna í rannsóknarhópi fræðimanna frá fjórum Norðurlöndum, Íslandi, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, um niðurstöður rannsókna á Norðurlöndum sem bent hafa til slæmrar stöðu innflytjendabarna í skólum. Einnig var vitneskja í hópnum um niðurstöður rannsókna, bæði á Norðurlöndum og víðar, um velgengni innflytjendabarna og farsælt skólastarf með þeim (Arshad, Wrigley og Pratt, 2012; Cummins og Early, 2011; Hanna Ragnarsdóttir og Schmidt, 2014; Wrigley, 2000). Í verkefninu voru fjögur meginrannsóknarsvið: Nemendur, kennarar, stjórnun og stefnur og námskrár. Hér verður athygli beint að fyrstu tveimur sviðunum. Á rannsóknarsviðinu um nemendur var skoðuð

reynsla og metnaður nemenda af erlendum uppruna. Meginmarkmiðið var að greina reynslu og væntingar barna og ungmenna af erlendum uppruna í þátttökulöndunum sem hafa átt velgengni að fagna í námi og félagslegri tengslamyndun. Athugað var meðal annars hvers konar námsumhverfi og skólastarf stuðlaði að velgengni barnanna og hverjar væntingar þeirra væru til kennara, námskrár og skólastarfs. Einnig voru athuguð viðhorf þeirra til meirihlutatungumáls og menningar í hverju landi og til upprunamenningar þeirra og móðurmáls. Í rannsóknarhlutanum um kennara var athuguð þróun fagmennsku kennara og kennsluaðferðir. Meginmarkmiðið var að greina hvernig skólar þróuðu og viðhéldu starfi sem byggðist á félagslegu réttlæti og hvernig kennarar sköpuðu námsrými þar sem byggt væri á margvíslegri reynslu, tungumálum og menningu nemenda. Einnig var athugað, meðal annars, hvaða hlutverki kennararnir gegndu gagnvart nemendum og foreldrum, í hverju fagmennska þeirra birtist og hvað þeir ættu sameiginlegt.

Niðurstöður rannsóknarinnar *Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar* varpa ljósi á fjölbreytt skólastarf í 27 skólum á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi á fjórum Norðurlöndum, skólastarf sem er til fyrirmyndar með tilliti til velgengni nemenda af erlendum uppruna í námi og félagslegri tengslamyndun. Valdir voru skólar þar sem hlutfall nemenda af erlendum uppruna var hátt í samanburði við aðra skóla. Við val á skólum var meðal annars gengið út frá matsskýrslum og mati sérfræðinga, meðal-einkunnum á ýmiss konar stöðluðum eða samræmdum prófum og brottfallstölum. Valdir voru skólar þar sem námsárangur var góður og höfðu þeir allir getið sér gott orð fyrir að þróa starf sem einkenndist af félagslegu réttlæti og jafnrétti fyrir alla nemendur. Á Íslandi voru með þessum hætti valdir alls níu skólar, þrír á hverju skólastigi.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós fjölda áhugaverðra þátta í skólastarfi í löndunum fjórum. Hér verða nefnd nokkur dæmi frá nemendum og kennurum úr íslensku skólunum í rannsókninni sem varpa ljósi á skólastarf þar sem nemendur af erlendum uppruna eru virkir þátttakendur og skólastarf er lýðræðislegt og í anda fjölmenningarlegrar menntunar og fjöltyngismenntunar.

Kennararnir í rannsókninni voru sumir sérhæfðir á sviði fjölmenningarlegrar menntunar og það birtist í viðhorfum þeirra til fjölbreyttra nemendahópa og þeim aðferðum sem þeir beittu. Þeir leituðust við að skapa námsumhverfi þar sem traust ríkir og stuðla að þátttöku allra nemenda. Þannig voru sköpuð námsrými þar sem lýðræði ríkir og borgaravitund nemenda er eflað með markvissum hætti. Kennararnir skildu mikilvægi fjölbreyttra tungumála, báru virðingu fyrir þeim og litu á þau sem auðlind, en töldu einnig mikilvægt að nemendur af erlendum uppruna læri meirihlutamálið til að þeir geti sótt sér frekari menntun á Íslandi og orðið virkir samfélagsþegnar. Jafnframt lögðu kennararnir áherslu á bæði félags- og námsþroska nemendanna (Anh-Dao Tran, Samúel Lefever og Hanna Ragnarsdóttir, 2016; Hafdís Guðjónsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Anna Katarzyna Wozniczka og Karen Rut Gísladóttir, 2016; Hanna Ragnarsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Hildur Blöndal Sveinsdóttir, 2016).

Nemendurnir í rannsókninni virtust vera virkir þátttakendur í skólastarfinu. Margir þeirra sögðu að kennarar þeirra og skólar væru helsta ástæðan fyrir velgengni þeirra. Þeir lýstu sumir kennurum sínum sem umhyggjusömum og vingjarnlegum og að þeim væri umhugað um að nemendum liði og gengi vel. Nemendunum vegnaði vel í námi og félagslegri tengslamyndun. Þeir voru margir þakklátir kennurunum fyrir að sýna þeim

persónulegan áhuga og vildu stuðla að vellíðan þeirra og þátttöku. Flestir þeirra áttu vini sem einnig eru innflytjendur en sumir áttu vini úr hópi íslenskra nemenda. Nemendur töluðu um margvíslegar kennsluáðferðir sem studdu þá í námi, þeir reyndust vera virkir og sjálfstæðir í kennslustundum og virðing var borin fyrir ólíkum sjónarmiðum nemenda. Hlutverk þeirra og skyldur voru skýr, og samskipti þeirra á milli virtust byggjast á trausti og gagnkvæmri virðingu. Á yngri skólastigunum þar sem rætt var við foreldra tóku þeir undir sjónarmið nemenda um fjölbreyttar aðferðir við kennslu, traust og virðingu (Anh-Dao Tran o.fl., 2016; Hafdís Guðjónsdóttir o.fl., 2016; Hanna Ragnarsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Hildur Blöndal Sveinsdóttir, 2016).

Meginniðurstöður rannsóknarverkefnisins benda til þess að í skólunum sem tóku þátt í rannsókninni sé leitast við að skapa námsrými þar sem traust ríkir og stuðlað er að þátttöku allra nemenda. Virðing er borin fyrir fjölbreyttri menningu og tungumálum og leitast við að efla borgaravitund nemenda með markvissum hætti.

UMRÆÐUR OG LOKAORÐ

Rannsóknirnar sem hér hefur verið fjallað um gefa vísbendingar um þátttöku fjölbreyttra nemendahópa í menntun og samfélagi, starfshætti skóla á mismunandi stigum og þróun þeirra. Niðurstöður rannsókna með börnum og ungmennum af erlendum uppruna og fjölskyldum þeirra benda til þess að mörg þeirra hafi upplifað ýmsa erfiðleika í íslenskum skólum og frístundastarfi. Þrátt fyrir margs konar styrkleika sem þau telja sig hafa eiga þau í erfiðleikum með að læra íslensku og að tengjast íslenskum jafnöldrum. Samskipti heimila og skóla eru í sumum tilvikum ómarkviss og ófullnægjandi. Þessum niðurstöðum svipar til niðurstaðna annarra rannsókna í nágrannalöndunum sem varpa ljósi á námslega og félagslega jaðarstöðu barna af erlendum uppruna (sjá Holm og Londen, 2010; Horst og Gitz-Johansen, 2010; von Brömssen og Rodell Olgaç, 2010).

Þrátt fyrir að rannsóknir gefi til kynna ýmiss konar jaðarstöðu barna af erlendum uppruna lýsa börn og ungmenni sem tekið hafa þátt í rannsóknum á Íslandi undanfarin ár mörg góðum skilningi á fjölmenningsarsamfélaginu og sýna því virðingu. Þau virðast vera víðsýn og leggja áherslu á mikilvægi jöfnuðar, virkrar þátttöku og mannréttinda öllum til handa (Hanna Ragnarsdóttir, Gunnar J. Gunnarsson, Gunnar E. Finnbogason og Halla Jónsdóttir, 2016; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir, 2018). Viðhorf til fjölbreytileikans virðast því vera jákvæð meðal barna og ungmenna og skilningur ríkja á mikilvægi þess að þegnar samfélagsins taki þátt og eigi jafnan rétt. Þessar niðurstöður eru í anda þess sem Sigrún Aðalbjarnardóttir (2015, 2019) hefur fjallað um; að mikilvægt sé að rækta borgaravitund ungs fólks, stuðla að því að það hafi áhuga á málefnum samfélagsins og láti þau sig varða.

Menntakerfið ber ríka ábyrgð á því að stuðla að virkri þátttöku barna og ungmenna. Niðurstöður hins íslenska hluta rannsóknarverkefnisins *Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar* varpa ljósi á fjölmörg dæmi um öflugt og gott skólustarf, að nokkru leyti í anda fjölmenningsarlegrar menntunar, þar sem áhersla er á lýðræðislega þátttöku (Banks, 2013; Nieto, 2010). Námsrými voru sköpuð í skólunum þar sem traust og virðing ríkir og nemendur voru hvattir til þátttöku. Bæði stjórnendur og kennarar virtust

vera hliðhollir margbreytileikanum, en slík viðhorf eru afar mikilvæg í fjölmenningarlegu skólastarfi. Nemendur í rannsókninni nutu þess að læra í umhverfi þar sem þeir eru velkominir og virkir þátttakendur, að sögn nemenda, kennara og foreldra. Slíkt námsumhverfi er í anda fjölmenningarlegrar menntunar sem Nieto (2010) og Banks (2013) hafa fjallað um. Niðurstöður gefa jafnframt til kynna að margir kennaranna beiti menningarmiðaðri kennslu að einhverju leyti, eins og Gay (2010) og Ladson-Billings (2014) hafa fjallað um, og leitist við að byggja brýr milli menningarheima. Mismunandi tungumálaþekking barnanna er viðurkennd og litið er á fjölbreytt tungumál sem auðlind í skólunum í rannsókninni. Leitast er við að byggja markvisst á henni þó að kennara skorti suma þjálfun í að byggja á þekkingu og reynslu nemenda sem meðal annars hafa ólík móðurmál. En Cummins (2004) og Cummins og Early (2011) hafa lagt áherslu á að byggja þurfi á tungumálaþekkingu allra barna til að stuðla að jöfnuði og virkri þátttöku þeirra í skólastarfi. Sjá má ýmis dæmi um áhugaverða starfshætti hvað varðar tungumál í skólunum í rannsókninni *Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar* og ólík móðurmál kennara eru nýtt, þar sem þau eru fyrir hendi, til að veita börnunum stuðning. Þar sem vel hefur tekist til má sjá áhugaverða vinnu með ólík tungumál í kennslustundum og hópastarfi. Þar virðist vera vísir að umhverfi virks fjöltyngis sem töluvert hefur verið fjallað um undanfarin ár (Conteh og Meier, 2014; García, 2009; García og Kleifgen, 2010; García og Wei, 2014; May, 2014; Trifonas og Aravossitas, 2014).

Þrátt fyrir að margir skólar hafi undanfarin ár þróað starf sitt til að mæta betur þörfum fjölbreyttra nemendahópa er enn nokkuð langt í land með að tryggja almenna þátttöku nemenda í skólum og samfélögum. Skólastarf er fjölbreytt og mismunandi eftir skólastigum og svæðum. Dæmin sem nefnd eru hér að framan um skóla sem hafa lagt ríka áherslu á að virkja fjölbreytta nemendahópa til þátttöku (Hanna Ragnarsdóttir, 2016) eiga því miður ekki við um alla skóla. Fræðimenn (Banks, 2013; Nieto, 2010) telja að þróa þurfi samfélög í skólum þar sem allir nemendur séu virkir þátttakendur og finni til öryggis. Þar eigi að fara fram opin samskipti og samvinna og þannig megi stuðla að jöfnuði og réttlæti í fjölmenningsamfélagi.

Hvað skólastarf á Íslandi varðar er fjöltyngismenntun í anda þess sem Chumak-Horbatsch (2012), Cummins (2004) og Skutnabb-Kangas og félagar (2009) hafa fjallað um almennt ekki fyrir hendi í skólum. Mun algengara er að áhersla sé lögð á að kenna íslensku sem annað tungumál. Þá hafa fáir kennarar sem rætt var við í framangreindum rannsóknum á skólastarfi í íslenskum skólum lokið námi eða þjálfun í fjöltyngismenntun eða fjölmenningarlegri menntun (Banks 2013; Nieto 2010). Samkvæmt niðurstöðum rannsókna þarf að leggja áherslu á fjöltyngi í skólum, auk þess að kenna meirihlutamáli viðkomandi samfélags til að stuðla að lýðræði, jöfnuði og virkri þátttöku nemenda af erlendum uppruna. Jafnframt þarf að styðja starfsþroska kennara og skólaþróun á öllum skólastigum, eins og Sigrún Aðalbjarnardóttir (2015) hefur fjallað um, m.a. með því að skapa námssamfélag.

Þó að margt hafi þokast í góða átt undanfarin ár hvað varðar þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í samfélaginu og lýðræðislegt skólastarf er enn mikið verk að vinna við að bæta tækifæri til þátttöku í menntun og samfélagi. Jafnframt er þörf á frekari rannsóknum til að varpa ljósi á lýðræði og þátttöku í skólum á öllum stigum á Íslandi.

HEIMILDIR

- Anh-Dao Tran, Samúel Lefever og Hanna Ragnarsdóttir. (2016). Equitable pedagogical practice in culturally diverse classrooms: Perspectives of teachers and students in upper secondary schools. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun, Sérít 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlaetis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/005.pdf
- Arshad, R., Wrigley, T. og Pratt, L. (ritstjórar). (2012). *Social justice re-examined: Dilemmas and solutions for the classroom teacher*. Stoke on Trent: Trentham.
- Banks, J. A. (2013). Multicultural education: Characteristics and goals. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Multicultural education: Issues and perspectives* (8. útgáfa, bls. 3–23). Hoboken: Wiley.
- Chumak-Horbatsch, R. (2012). *Linguistically appropriate practice: A guide for working with young immigrant children*. Toronto: University of Toronto Press.
- Conteh, J. og Meier, G. (ritstjórar). (2014). *The multilingual turn in languages education: Opportunities and challenges*. Bristol: Multilingual Matters.
- Cummins, J. (2004). *Language, power and pedagogy: Bilingual children in the crossfire* (3. útgáfa). Clevedon: Multilingual Matters.
- Cummins, J. og Early, M. (ritstjórar). (2011). *Identity texts: The collaborative creation of power in multilingual schools*. Stoke on Trent: Trentham Books.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Multicultural education in Iceland: Vision or reality? *Intercultural Education*, 21(2), 153–167. <https://doi.org/10.1080/14675981003696289>
- García, O. (2009). *Bilingual education in the 21st century: A global perspective*. Chichester: Wiley-Blackwell.
- García, O. og Kleifgen, J. A. (2010). *Educating emergent bilinguals: Policies, programs, and practices for English language learners*. New York: Teachers College Press.
- García, O. og Wei, L. (2014). *Translanguaging: Language, bilingualism and education*. Hampshire: Palgrave Macmillan.
- Gay, G. (2010). *Culturally responsive teaching: Theory, research, and practice* (2. útgáfa). New York: Teachers College Press.
- Gundara, J. S. (2000). *Interculturalism, education and inclusion*. London: Paul Chapman.
- Hafdís Guðjónsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Anna Katarzyna Wozniczka og Karen Rut Gísladóttir. (2016). Námsrými byggð á auðlindum nemenda. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun, Sérít 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlaetis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/003.pdf
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). Mannfjöldi eftir fæðingarlandi, kyni og aldri 1. janúar 1998–2018. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Faedingarland/MAN12103.px/table/tableViewLayout1/?rxid=214a7b9d-7d22-4a65-871b-3fbc51ac4996
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). Mannfjöldi eftir trú og lífsskoðunarfélögum 1998–2019. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__menning__5_trufelag/MAN10001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=ad6d3910-8bc7-48b3-b2d1-cb7152b38709

- Hanna Ragnarsdóttir. (2008). *Collisions and continuities: Ten immigrant families and their children in Icelandic society and schools*. Saarbrücken: VDM.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2011). Líf og störf ungra innflytjenda: Reynsla ungmenna af tíu ára búsetu á Íslandi. *Uppeldi og menntun*, 20(2), 53–70.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2016). Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar: Niðurstöður norrænnar rannsóknar um velgengi nemenda af erlendum uppruna og skóla á fjórum Norðurlöndum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun, Sérít 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlaetis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/001.pdf
- Hanna Ragnarsdóttir, Friða Bjarney Jónsdóttir og Hildur Blöndal Sveinsdóttir. (2016). Fjölmennningarlegt leikskólastarf: Þátttaka, samskipti og umhyggja í þremur íslenskum leikskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun, Sérít 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlaetis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/006.pdf
- Hanna Ragnarsdóttir, Gunnar J. Gunnarsson, Gunnar E. Finnbogason og Halla Jónsdóttir. (2016). Viðhorf ungmenna í íslensku fjölmenningsarsamfélagi til menningar- og trúarlegs margbreytileika. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 25(2), 219–238.
- Hanna Ragnarsdóttir og Schmidt, C. (ritstjórar). (2014). *Learning spaces for social justice: International perspectives on exemplary practices from preschool to secondary school*. London: Institute of Education Press.
- Hanna Ragnarsdóttir og Susan Rafik Hama. (2018). Flóttabörn í íslenskum skólum: Móttaka, skólastarf og samstarf við fjölskyldur. *Glæður*, 28(1), 57–66.
- Holm, G. og Londen, M. (2010). The discourse on multicultural education in Finland: Education for whom? *Intercultural Education*, 21(2), 107–120. <https://doi.org/10.1080/14675981003696222>
- Horst, C. og Gitz-Johansen, T. (2010). Education of ethnic minority children in Denmark: Monocultural hegemony and counter positions. *Intercultural Education*, 21(2), 137–151. <https://doi.org/10.1080/14675981003696271>
- Hrefna Guðmundsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2013). Líðan, félagsleg tengsl og þátttaka nemenda í 5.–7. bekk grunnskóla í frístundastarfi: Samanburður á svörum barna eftir móðurmáli töluðu heima. *Tímarit um menntarannsóknir*, 10(1), 123–140.
- Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson. (2011). *Ungt fólk 2011: Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 5., 6. og 7. bekk*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Rannsóknir og greining.
- Ladson-Billings, G. (2014). Culturally relevant pedagogy 2.0: a.k.a. the remix. *Harvard Educational Review*, 84(1), 74–84. <https://doi.org/10.17763/haer.84.1.p2rj131485484751>
- May, S. (ritstjóri). (2014). *The multilingual turn: Implications for SLA, TESOL and bilingual education*. New York: Routledge.
- May, S. og Sleeter, C. E. (2010). Introduction. Í S. May og C. E. Sleeter (ritstjórar), *Critical multiculturalism: Theory and praxis* (bls. 1–16). New York: Routledge.

- Nieto, S. (2010). *The light in their eyes: Creating multicultural learning communities* (10 ára afmælisútgáfa). New York: Teachers College Press.
- Nína V. Magnúsdóttir. (2010). „Allir vilja eignast íslenskar vinir“: Hverjar eru helstu hindranir á vegi erlendra grunn- og framhaldsskólanemenda í íslensku skólakerfi? (meistaraprófsritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/4576>
- Parekh, B. C. (2006). *Rethinking multiculturalism: Cultural diversity and political theory* (2. útgáfa). New York: Palgrave Macmillan.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2015). Ákall og áskoranir: Vegsemd og virðing í skólastarfi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/alm/005.pdf>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífssögur ungs fólks: Samskipti, áhættuhegðun, styrkleikar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir. (2018). Students' attitudes towards immigrants' rights: The role of democratic classroom discussions. Í Hanna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever (ritstjórar), *Icelandic studies on diversity and social justice in education* (bls. 130–155). Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars.
- Skutnabb-Kangas, T., Phillipson, R., Mohanty, A. K. og Panda, M. (ritstjórar). (2009). *Social justice through multilingual education*. Bristol: Multilingual Matters.
- Trifonas, P. P. og Aravossitas, T. (ritstjórar). (2014). *Rethinking heritage language education*. Cambridge: Cambridge University Press.
- von Brömssen, K. og Rodell Olgaç, C. (2010). Intercultural education in Sweden through the lenses of the national minorities and of religious education. *Intercultural Education*, 21(2), 121–135. <https://doi.org/10.1080/14675981003696263>
- Wrigley, T. (2000). *The power to learn: Stories of success in the education of Asian and other bilingual pupils*. Stoke on Trent: Trentham Books.
- Pórdís Þórðardóttir. (2015). Virðingarsess leikskólabarna: Þekking á barnaefni, kynjun og lagskipting í tveimur leikskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/001.pdf>

Greinin barst tímaritinu 15. júní 2019 og var samþykkt til birtingar 7. nóvember 2019

UM HÖFUNDINN

Hanna Ragnarsdóttir (hannar@hi.is) er prófessor í fjölmenningarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk M.Sc.-prófi í mannfræði frá London School of Economics and Political Science árið 1986 og doktorsprófi í menntunarfræði frá Háskólanum í Osló árið 2007. Rannsóknir hennar hafa einkum snúist um börn og fullorðna af erlendum uppruna, þar á meðal flóttafólk í íslensku samfélagi og skólum og ýmsa þætti fjölmenningsleglegs skólastarfs.

Education and participation in a new country: Experiences of immigrants, refugees and schools

ABSTRACT

Immigration to Iceland has increased rapidly in recent decades. People move to the country for different reasons, some as refugees. Education systems play a vital role in the integration of children and youth to a new society and in supporting their democratic participation. To be able to fulfill these roles, schools must adjust to the needs of diverse groups of students and develop their practices according to demographic changes.

The article, which presents an overview of literature, discusses the experiences of immigrants and refugees in Iceland of education and participation in Icelandic society. The article draws on research conducted with several groups of students at different school levels and their families the last 20 years. The experiences of practitioners in schools, teachers and principals at different levels of the education of children and youth of diverse origins are also addressed, as well as the development of educational practices in the past decades to respond to an increasingly diverse student group. The article concludes with a discussion on possible paths in the education of diverse groups of students in coming years.

The theoretical background of most of the research studies is in critical approaches to education (Banks, 2013; May & Sleeter, 2010; Nieto, 2010) where the rights of minority groups to education are emphasized, as well as counteracting inequalities. Nieto (2010) claims that empowerment in schools entails that students are active participants instead of being passive receivers and that teachers build on their students' resources and abilities in their teaching. The approaches of multilingual education for social justice also form a basis of the article. Scholars (Chumak-Horbatsch, 2012; Cummins, 2004; Skutnabb-Kangas et al., 2009) argue that it is important to make students' heritage languages visible in schools and build on these in teaching. They note that these basic human rights of every student are often neglected. Theoretical writing on citizenship education, civic engagement and democratic participation of diverse groups (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015, 2019) is also discussed. Sigrún Aðalbjarnardóttir (2015, 2019) notes that participation in decision-making in society is one of the pillars of democracy and that therefore it is important to promote young people's interest and ability to engage in societal matters. Teachers should be supported in their professional development to reflect on their practices and to create learning communities.

The findings of the research presented in the article indicate that many children and youths of immigrant and refugee background experience various challenges in Icelandic schools. These include lack of participation and civic engagement, difficulties in learning Icelandic, lack of support in their heritage languages, and marginalisation. However, the findings of recent research with youths at compulsory and secondary school levels indicate that they are positive towards the growing cultural, linguistic and religious diversity in Icelandic society and find it important for everyone to participate in discussions, learn about each other's opinions and respect different views. A recent research project

conducted in 27 schools on pre-, compulsory and upper secondary levels in four Nordic countries, including Iceland, focused on understanding the experiences of students of immigrant backgrounds who have succeeded in education and participation and how social justice and equity is represented in educational practices in their schools. The findings of the project reveal various initiatives in the schools which promote participation of diverse groups of students and build on the resources which they bring, such as different languages and cultures. The schools have developed multicultural and multilingual learning spaces for their students and staff. The project sheds light on how schools can develop educational practices which respond to the growing cultural, linguistic and religious diversity in Iceland, as well as in other Nordic countries, and create learning spaces where active participation and learning of all students is promoted.

Keywords: immigrants, refugees, education, participation, civic engagement

ABOUT THE AUTHOR

Hanna Ragnarsdottir (hannar@hi.is) is professor of multicultural studies at the School of Education, University of Iceland. She completed an M.Sc. degree in anthropology from the London School of Economics and Political Science in 1986 and a Dr.philos. in education from the University of Oslo in 2007. Her research has mainly focused on immigrants and refugees (children, adults and families) in Icelandic society and schools, multicultural education and school reform.